



Reykjavík, 2. desember 2025

MSS21110025

Mannréttindaráð

Fundur Nordic Safe Cities í Helsinki

Meðfylgjandi er minnisblað um árlegan fund Nordic Safe Cities (NSC) sem fram fór undir yfirskriftinni *Nordic Democracy Forum* dagana 11.-13. nóvember 2025.

Reykjavíkurborg hefur verið aðili að tengslaneti NSC síðan 2016 og hefur mannréttindaskrifstofa umsjón með aðildinni.

Óskað er eftir að minnisblaðið sé lagt fram á fundi mannréttindaráðs til upplýsingar.

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Minnisblað



Reykjavík

Fundur Norræna öruggra borga haldinn nóvember 2025



Árlegur fundur Nordic Safe Cities, (Norrænna öruggra borga), hér eftir **NSC** var haldinn í Helsinki í Finnlandi, dagana 11. – 13. nóvember s.l.

Þátttakendur Reykjavíkurborgar að þessu sinni voru Anna Kristinsdóttir og Guðný Bára Jónsdóttir.

Yfir 250 aðilar frá borgum, ráðuneytum, lögreglu, frjálsum félagasamtökum og rannsóknarstofnunum komu saman til að leita svara við spurningunni hvernig borgir tryggi lýðræðislega og blómlega framtíð á norðurlöndunum.

Dagur 1. Frá seiglu til framsýni

Fundurinn hófst með ávarpi frá Leenu Meri, dómsmálaráðherra Finnlands. Það sem kom fram í hennar máli var m.a. að: „Traust milli íbúa, stofnana og yfirvalda er undirstaða norræns lýðræðis og í nútímaheimi er aldrei hægt að taka frið og lýðræði sem sjálfsagðan hlut.“

Jeppe Albers, framkvæmdastjóri **NSC** ávarpaði fundinn. Þar kom m.a. fram að „þó að við séum að endurvopnast til að verja landamærin okkar verðum við líka að endurvopnast til að vernda gildin okkar.“

Opnunarávarpinu lauk með ákalli um aðgerðir frá Lotte Fast Carlsen, aðstoðarframkvæmdastjóra **NCF** til þeirra sem fundinn sátu: „Ef 250 þátttakendur koma hver um sig nokkrum þáttum í rétta átt, þá skiptir það máli.“

Þátttakendur voru því næst spurðir að eftirfarandi spurningu: „Hversu bjartsýnn ert þú á að Norðurlöndin séu að stefna að öruggari lýðræðislegri framtíð á næstu fimm árum?“ Hægt var að svara með því að setja upp grænt, gult eða rautt spjald. Ljóst var að langflestir

Þátttakenda voru óvissir um að þetta yrði niðurstaðan og guli liturinn var áberandi. Þetta varð þannig sjónræn áminning um sameiginlega óvissu og ábyrgð um að bregðast við.

Í framhaldi var þátttakendum skipt niður í hópa og fram fór umræða og vinna við að meta helstu áherslur sem unnið er að borgunum og snúa að auknu trausti á stjórnvöldum, aðgerðum gegn ofbeldi hjá ungu fólki og aukinni lýðræðislegri þátttöku.

Framtíðarsýn lýðræðis

Eftir hádegi fór fram umræða um þá þætti sem móta framtíð norræns lýðræðis. Fulltrúar frá finnska nýsköpunarsjóðnum Sitra (www.sitra.fi), þau Jukka Vahti og Tiina Härkönen kynntu fyrir þátttakendum þá þætti sem móta framtíð norræns lýðræðis.

Þeirra vinnulag snýr að því að skoða framtíðarsýn út frá þunga fortíðar (hvað kallar á breytingar), þrýstingi nútímans og togkrafti framtíðarinnar. Þau hvöttu þátttakendur til að ögra sér með því að skoða allar forsendur og hugsa fram á veginn.

Fyrir fundinn hafði farið fram könnun á meðal væntanlegra þátttakenda á fundinum í gegnum Voxit. Þar var spurt um þætti sem hafa áhrif á framtíð lýðræðis meðal norrænna þjóða.



Þau gögn sem kynnt voru á fundinum endurspegluðu bjartsýni en ennfremur þá þætti meðal norrænna leiðtoga sem hefðu mikil áhrif. Þannig kom fram að:

- 88% telja að gjörðir þeirra geti haft áhrif á framtíðina.
- 87% eru sammála um að traust á stofnunum og samborgurum sé ekki sjálfgefið.
- 68% telja að við skiljum enn ekki til fulls hvernig yngri kynslóðir tengist lýðræði.
- 94% séu sammála um að þátttaka ungmenna sé nauðsynleg fyrir betri framtíð.

Næst kynntu fulltrúar ungs fólks (Nordic Voices frá Nordic Pioneers) sína fyrstu framtíðarstefnuskrá, sem 60 ungir brautryðjendur víðsvegar að úr Norðurlöndunum unnu sameiginlega að s.l. sumar. Fulltrúar frá Íslandi tóku þátt í þeirri vinnu.

Þeirra skilaboð voru skýr: Lýðræði verður að vera mótað með ungmennum, ekki fyrir þau.

Í stefnuskránni (fj.skj. 1) eru tíu tillögur settar fram til að efla öryggi, aðgengi og lýðræði, allt frá þjálfun í samfélagslegri valdeflingu og lýðræðisfræðslu til betri samgangna, nýrra rýma fyrir ungmenni til að hittast og tengjast, og samstarfs yfir landamæri.

Kjarni stefnuskrárinnar er ákall um raunverulega þátttöku ungs fólks.

„Ungt fólk er þegar að móta framtíðina í kennslustofum, sveitarfélögum og samfélögum, það er kominn tími til að hafa okkur með í ráðum, ekki sem aukaatriði, heldur sem

þátttakendur þeirra samfélaga sem við munum einn daginn leiða.“ - Ronas F. Korkmaz, yfirmaður Nordic Pioneers.

Seigla og forvarnir

Næst fór fram pallborðsumræða sem Magnus Ranstorp, prófessor og stjórnarmaður í NSC leiddi. Þátttakendur voru nokkrir borgarstjórar og fræðimenn. Umræðan var um hvernig norrænar borgir geta styrkt forvarnir og seiglu í ljósi vaxandi skautunar í samfélaginu.

Fyrirlesarar voru sammála um að félagslegur og efnahagslegur klofningur, öfgahyggja á netinu og minnkandi traust væru lykiláskoranir samfélaga. Viðbrögð við þeirri stöðu verða að vera falin í aukinni staðbundinni nærveru, auknu samstarfi við nærsamfélagið og þátttöku ungmenna.

Einn af þátttakendum hvatti borgir og stjórnvöld til að vera í fararbroddi, skilgreina sína eigin tæknilegu braut og tryggja sýnileika, sanngirni og samráð í ákvarðanatöku.

Boðskapurinn var skýr: verkefni lýðræðisins er ekki að hraða starfseminni, heldur að kafa dýpra, samræma tilgang, siðfræði og tækni til að styrkja traust almennings á stafrænni öld.

Dagur 2. Frá áskorunum til raunhæfra lausna

Annar dagur fundarins færði áherslurnar frá því að kortleggja áskoranir yfir í að skilgreina raunhæfar aðgerðir fyrir öruggari lýðræðislega framtíð í norrænum borgum. Þannig var farið allt frá því að ræða stafræna umræðu Grænlandi til þátttöku sem byggir á gervigreind, frá forvörnum gegn glæpum ungmenna til staðbundins viðbúnaðar.

Lýðræðisleg seigla á Grænlandi – Ár í sviðsljósinu

Umræða dagsins hófs á málefnum Grænlands. Maliina Abelsen, fyrrverandi fjármála- og félagsmálaráðherra Grænlands, lýsti því hvernig árið 2025 hefur verið „langt og þreytandi ár“ fyrir grænenskt lýðræði: tímabil þar sem athygli Bandaríkjanna, kosningadýnamík og langvarandi spurningar um sjálfstæði ýttu öðrum mikilvægum málum eins og heilbrigðismálum, menntun og velferðarmálum út úr opinberri umræðu.

Ákall hennar til Norðurlandabúa var skýrt, að vinna með Grænlandi, ekki að Grænlandi, í gegnum samstarf sem styrkir staðbundna fjölmiðla, staðbundin verkefni og staðbundinn lýðræðisleg vettvang.

Að greina opinbera umræðu á netinu

Næst var kynnt ný greining Nordic Safe Cities á stafrænum umræðum (á Facebook-færslum og athugasemdum) á Grænlandi. Eske Vinther-Jensen, stofnandi Common Consultancy kynnti þá vinnu. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi;

- Trump og aðilum sem tengjast MAGA tókst að setja málefni Grænlands á dagskrá með umræðu á netinu og ýta þannig út öllum öðrum öðrum málum tengdum Grænlandi.

- Skautuðustu umræðurnar innan Grænlands snerust ekki um Bandaríkin sem slík, heldur um hvernig Grænland ætti að tengjast Bandaríkjunum í ljósi sjálfstæðis landsins.
- Söguleg hneykslismál í Danmörku og niðrandi ummæli danskra stjórnmalamanna kveiktu aftur djúpa reiði meðal grænlandinga og voru túlkuð sem merki um áframhaldandi nýlendustefnu.

Þrátt fyrir þetta var sterkasti drifkrafturinn að stafrænni seiglu árið 2025 eining meðal íbúa Grænlands, fjöldamótmæli og fánadagar þar sem borgarar, leiðtogar og flokkar stóðu saman undir skilaboðunum að „Grænland tilheyri grænlenku þjóðinni.“

Að lokum undirstrikaði Masaana Egede, framkvæmdastjóri og ritstjóri Sermitsiaq.AG, grænlenkt dagblaðs, að ef utanaðkomandi aðilar halda áfram að setja tóninn, þá er hætta á að Grænland „missi af hinum dagsdaglegu mikilvægu málum.“ Sterkir staðbundnir fjölmiðlar, heiðarleg innri umræða og rými fyrir málefni sem fara út fyrir sjálfstæði eru nauðsynleg fyrir seiglu lýðræðisins.

Lausnarými: Stafrænar forvarnir, gervigreind og unglingaglæpir

Umræða um gervigreind sem bandamanns lýðræðis. Hvernig gervigreind getur styrkt þátttöku borgara, frekar en að veikja hana.

Dominik Hierlemann (Bertelsmann Stiftung) ásamt Giulio Cibrario (OECD) og Sanna-Kaisa Saloranta (Sitra) kynntu fyrstu niðurstöður sameiginlegrar rannsóknar sinnar, Gervigreind og framtíð þátttöku borgara.

Lykilatriði umræðunnar:

- Stjórnvöld nota nú þegar gervigreind til að styðja við þátttöku – sérstaklega á sveitarstjórnarstiginu, þar sem lýðræðisleg nýsköpun hefst oft.
- Gervigreindartöl aðstoða nú við þýðingu, umritun, upplýsingasöfnun, skilning, miðlun og stjórnun – bæði í bakvinnslu (innri vinnuflæði) og framreiðslu (viðmót borgara og stjórnvalda).
- Ef gervigreind er notuð rétt getur hún hjálpað til við að meðhöndla mikið magn af athugasemdum borgara, gert þátttöku aðgengilegri og á fleiri tungumálum og varðveitt gæði jafnvel þegar þátttaka eykst.

Þátttaka eykst.

Þó að umræðan snéri á margvíslega áhættu sem fylgir notkun gervigreindar, var einnig lögð áhersla á mikilvægi þess að krefjast skýrra leiðbeininga, tilrauna og sterkar áherslu á sanngirni, gagnsæi og eftirlit.

Helsta niðurstaða umræðunnar var að gervigreind mun ekki koma í stað lýðræðis – en hún er að verða hluti af lýðræðislegum innviðum. Verkefnið er nú að móta innviði af skynsemi.

Öruggar stafrænar borgir og nýjar forvarnaraðferðir

Þessi hluti fundarins fór í að ræða ungt fólk og ofbeldi. Sebastian Jørgensen, yfirmaður stafrænna forvarna hjá Norrænum öruggum borgum, deildi innsýn úr verkefninu Öruggar stafrænar borgir (Safe Digital Cities):

- 42% fólks á aldrinum 16–30 ára fá fréttir aðallega frá samfélagsmiðlum.
- 69% ungmenna segjast hafa séð skaðlegt efni á síðasta ári.
 - Í Noregi kom í ljós að það tekur drengi að meðaltali aðeins 3 mínútur að finna vafasamt efni á samfélagsmiðlum.
- Í Danmörku eru 1,5% Facebook-notenda orsök 100% árása í stjórn málaumræðum – og 80% þeirra eru yfir fertugt.
- Í Noregi kom í ljós að það tekur drengi að meðaltali 3 mínútur

Til að mæta þessum veruleika eru norrænar borgir að gera tilraunir með nýjar aðferðir til að byggja upp stafrænar forvarnir á sveitarstjórnarstiginu. Í gegnum verkefnið hafa 5 borgir samþykkt aðgerðaáætlanir og 16 nýjum verkefnum hefur verið hleypt á stað. Sem dæmi um slíkt eru:

- **Stafræn tengsl** (outreach) í gegnum þann vettvang sem ungmenni eru að nota eins og á Discord, Telegram og Snapchat.
- **Stafrænir sjálfbóðaliðar** í Kaupmannahöfn hljóta þjálfun og stuðning sem eftirlitsaðilar með athugasemdakerfinu.
- **Teymi um stafrænt öryggi:** Sérfræðiteymi starfsfólks þvert á fagsvið og stofnanir til að miðla þekkingu, finna hvar hægt er að bæta forvarnir og samhæfa viðbrögð.
- Í komandi sveitarstjórnarkosningum í Danmörku (nóvember 2025) eru Norrænar öruggar borgir, ráðuneyti Stafrænnar umbreytingar og samstarfsaðilar að prófa verkefnið „Öruggar stafrænar kosningar“ í sjö borgum, þar sem notað er gervigreindardrífna [forritið EDDA](#) til að stýra athugasemdum á samfélagsmiðlum í samvinnu við Tjekdet sem er fjölmiðill sem sannreynir staðreyndir og borgarabátttökuverkefnið #ViErHer, sem er verkefni sem miðar að því að miðla jákvæðni í athugasemdakerfið.

Horft var til ársins 2026 og farið yfir forvarnaráætlun sem felur í sér norræna „stafræna framlínu byggða á þekkingu“, sameiginlegan ramma fyrir forvarnir á netinu og sterkara samstarf við stafræna sjálfbóðaliða, fjölmiðla, fyrirmyndir ungmenna og einkageirann.

Að efla lýðræðisleg gildi og koma í veg fyrir glæpi ungmenna

Fyrirverandi lögreglustjóri Svíþjóðar, Christoffer Bohman, hjá Skandia - Ideas for Life, bauð upp á sýn á ofbeldi gengja í Svíþjóð, sem oft er mjög alvarleg.

- Einstaklingar undir 18 ára aldri sem grunaðir í morðmálum hafa aukist um 2.500% frá árinu 2013.
- Lögreglan áætlað að virkir meðlimir gengja í Svíþjóð séu um 17.500

- Þrátt fyrir miklar aðgerðir – þar á meðal yfir 2.000 ára fangelsisdóma eftir aðgerðir á dulkóðuðum spjallsvæðum – „batnaði staðan ekkert, heldur versnaði.“

Hann hélt því fram að yfirvöld geri of oft „flókin vandamál einföld“ með því að stimpla lausmótaða glæpahópa sem gengi og styrkja þeirra sjálfsmynd. Dulkóðuð spjallgögn leiddu í ljós veruleika sem var mun grimmari og flóknari en gert var ráð fyrir, þar á meðal kerfisbundin notkun á börnum.

Skilaboð hans til ráðstefnunnar eru „Við þurfum að skilja að við skiljum ekki. Ef við höldum að við skiljum, förum við í lausnir sem eru ekki réttar, og þú getur ekki leyst þessi vandmál með refsingum.“

Frá Svíþjóð var farið yfir til Danmerkur þar sem borgarstjóri Herlev, Marco Damgaard, sagði okkur söguna af „Kraftaverkinu í Tingbjerg“ – eða, eins og hann orðaði það, afrakstur margra ára erfiðisvinnu.

- Árið 2013 var Tingbjerg á „gettólistanum“ í Danmörku, traust var lítið, menntunarstig lágt og glæpatíðni mikil. Aðeins 33% fjölskyldna í Herlev völdu hverfissskólann.
- Með því að krefjast þess að lýðræðisleg gildi væru í forgangi, fjárfesta í tungumálakennslu og frístundastarfi og setja háar, jákvæðar væntingar til allra barna og fjölskyldu þeirra, breyttist skólinn og samfélagið hægt og rólega í rétta átt.
- Á einum tímapunkti tóku 98% barna frá 0. til 4. bekkjar þátt í daglegu frístundastarfi og byggðu upp jafningjahópa sem voru sterkir og jákvæðir.
- Árið 2020, 15 mánuðum síðar, voru 100% nemenda sem luku Tingbjerg-skóla skráðir í framhaldsskóla.

Hans lærdómur er að glæpir eru ekki fyrirbyggjanlegir með skömmum, heldur með því að tryggja að hvert barn tilheyri að minnsta kosti einu sterku, jákvæðu samfélagi sem trúir á þau.

Vel undirbúnað og seigar borgir: Að brúa traust, viðbúnað og lýðræði

Í síðasta hluta fundarins var farið yfir viðbúnað á sveitarstjórnarstiginu

Minna Liimatainen, yfirmaður öryggis- og viðbúnaðarmála hjá Helsinki borg, lýsti „alhliða öryggislíkani“ Finnlands og hvernig það birtist í höfuðborginni, allt frá almannavarnaskýlum og neyðaráætlunum til daglegs samstarfs yfirvalda, fyrirtækja og borgara.

Reynsla Helsinki sýnir að lýðræðisleg seigla og öryggi eru ekki andstæður:

- Viðbúnaður verður að vera staðbundinn, borgir bera mikla ábyrgð þegar neyðarástand skellur á.
- Innviðir (eins og neyðarskýli) skipta máli, en það sama á við um samskipti, traust og aðgengilegt og inngildandi skipulag.

- Markmiðið er ekki að skapa ótta, heldur að gera borgurum kleift að finna að „hugsað hafi verið fyrir aðstæðum“ og að þeir hafi sjálfir hlutverki að gegna.

Í lokaræðu Gunvors Kronman, forstjóra Hanaholmen, og í pallborðsumræðum með Idu Gudding Johnsen, varaborgarstjóra í Bodø, og Stine Johansen, forstöðumanni viðbúnaðar hjá danska sveitarfélagasambandinu, um viðbúnað og lýðræðislega seiglu, lögðu þau áherslu á:

- mikilvægi heiðarlegra samskipta við íbúa sem skapar brýna þörf til aðgerða án óðagots.
- þörfina fyrir sameiginlega ábyrgð milli sveitarfélaga, einkageirans, borgaralegs samfélags og íbúa.
- hlutverk viðbúnaðar snýr ekki aðeins að því vernda landsvæði og innviði, heldur einnig lýðræðislega menningu gegn fjölþátta ógnum.
- og mikilvægi þess að vera skýr og hnitmiðuð – gera borgurum og samfélaginu ljóst hverju er búist við og hvað er hægt að gera.

Hugleiðingar, úrræði – og leiðin til Kaupmannahafnar 2026

Fundurinn endaði með sama hætti og hann hófst, með spurningu um framtíð norræns lýðræðis.

Spurningin var: „Hversu bjartsýnn ert þú á að Norðurlöndin séu að stefna að öruggari lýðræðislegri framtíð næstu fimm árin?“ Fundarmenn settu enn mörg gul spjöld í loftið, en mun færri rauð spjöld sáust en í upphafi fundarins.

Staða verkefnisins í Reykjavík- næstu skref

1. Verkefnið er að mestu leiti unnið á mannréttindaskrifstofu og mikilvægt er að tengja verkefnið frekar þeim sviðum og skrifstofum sem vinna að aðgerðum gegn ofbeldi og öfgahyggju meðal barna. Fulltrúar mannréttindaskrifstofu munu á næstu misserum kalla til samráðsfundar meðal starfsmanna á þeim vettvangi og velta upp hvernig hægt væri að tryggja frekara samráð með sérfræðingum **NSC** og vinna að frekari aðgerðum á þeim vettvangi.
2. Framkvæmdastjóri **NCS** hefur boðist til að koma á fund kjörinna fulltrúa í borgarstjórn í febrúar n.k. og kynna greiningu á orðræðu og hótana gegn kjörnum fulltrúum á netinu sem fram fór í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í Danmörku sem fram fóru í nóvember 2025. Í framhaldi af þeim fundi væri hægt að vinna að aðgerðum.

Mannréttindastjóri fundaði með framkvæmdastjóra **NCS** í lok nóvember og unnið er að því að greina frekar þau verkefni sem hægt er að vinna að á árinu 2026-2027.



Future Manifesto

Co-created by Young Pioneers from Across the Nordic Region

Across the Nordics, young people are ready to take responsibility for the future – not as a generation waiting to be heard, but as one ready to act. The Nordic model can only stay strong if it evolves with the realities, ideas and values of young people today. As youth voter turnout remains low and trust in democratic institutions declines, we see an urgent need to renew and strengthen participation.

But building safe and inclusive societies cannot be done by one part alone. It requires collaboration and mutual trust between generations – a shared effort to renew the Nordic model together.

That is why Nordic Pioneers, together with over 60 youths from Denmark, Sweden, Norway, Finland, Iceland, Greenland, and the Faroe Islands, have partaken in creating this Future Manifesto – 10 recommendations developed by young pioneers from across the region on how to rebuild trust, inclusion and participation among youth.

Our *Future Manifesto* reflects a shared vision of a future that is democratic, equal and connected to both people and planet. We invite governments, civil society, and business leaders to listen, collaborate, and act with us – because the future of democracy is something we must build together.

10 Recommendations

For a Stronger, More Inclusive and Connected Nordic Region

Give Youth Power to Participate in Democracy

We want a future where young voices truly matter – in every discussion, every decision and every community. Our goal is to make democracy something we *do*, not just something we *vote for*. This means trusting us young people with the mic and the power to change what happens next.

1

Connect Youth Voices Across Borders Through a Nordic Youth Forum

We suggest connecting Nordic youth across borders through a collaborative Forum that gathers local youth councils, organizations and pioneers from every single Nordic country. The Nordics share similar challenges, yet young people lack spaces to meet across borders and influence decisions beyond traditional politics. By linking existing youth collaborations and local efforts into one Nordic Youth Forum, we can strengthen democratic participation and make sure no young voice goes unheard.

2

Yearly Speed-Dating with Politicians

We propose annual “speed-dating” events in cities across the Nordics, where young people and local politicians meet face-to-face for informal, open conversations. Politics often feels distant and formal, leaving many young people disengaged even though many decisions that shape their lives are made locally. Meeting politicians in eye to eye can make politics more accessible and ensure that local decisions better reflect youth perspectives.

Enable Youth to Lead and Belong

We want a future where young people have the space and support to lead within their communities – to create, organize and inspire others. When youth belong and take part in shaping society, our democracies grow stronger.

3

Fund Youth Participation in Civil Society

We call for targeted financial support for youth-led meeting places, initiatives and forums across civil society. Across the Nordics, many young people face a growing sense of disconnection. The spaces where they can meet, express themselves and belong are shrinking - and young people's own efforts to rebuild them often lack support. By investing in youth-driven participation and community-building, we enable spaces where young people can belong and connect

4

Offer Yearly Civic Empowerment Training for Youth

We call for a shared Nordic effort to establish annual Civic Empowerment Training for young people in every municipality. Many young people want to take part in democracy but don't know where to begin. Through workshops and mentorship, Nordic youth can build the skills and confidence to engage and take leadership. But empowerment must go both ways. Local institutions should offer more youth seats in advisory boards, committees and councils to make space for youth leadership to grow.

Build Societies Without Hate or Discrimination -----

We want a future where everyone feels safe, respected and included – both online and offline. Places where dialogue builds understanding, and trust grows through listening and empathy. Where differences are met with curiosity, not fear, and every voice can be heard without hostility.

5

Conduct Nationwide Studies on Discrimination of Racialized and Marginalized Groups

Together, we can launch Nordic-wide studies on experiences of discrimination based on one's religious, ethnical, or cultural background, gender identity, sexual orientation, and physical and cognitive disabilities. Across schools, workplaces and public life, these injustices remain largely invisible, defining young peoples' sense of safety and whether they trust the institutions meant to protect them. By gathering real experiences in the form of data and stories, we can raise awareness and build a shared foundation for action across the Nordics.

6

Educate Youth to Combat the Normalization of Hate Speech

Integrating anti-hate speech education across all Nordic schools, supported by a shared fund for cross-border initiatives should be a priority. Hate speech is spreading in debates and online spaces. For young people growing up online, this hostility limits free expression and belonging. Education must be our first line of defense - teaching skills in dialogue, critical thinking and responsibility helps young people make the digital democracy a safer, more inclusive space.

Strengthen Education for Well-Being and Democracy

We want an education that prepares us for more than exams – one that helps us handle pressure, think critically and care for each other. If we are to ensure youths' wellbeing and democratic participation, schools must teach both emotional understanding and democratic awareness.

7

Integrate Emotional Intelligence Training for Youth into National Curricula

We propose integrating emotional intelligence training into national curricula. Across the Nordics, youth face increasing pressure and mental health challenges. Awareness is growing, but prevention is falling behind. Teaching emotional intelligence in school can help young people to better understand their emotions, build stronger relationships and seek support early, strengthening mental well-being and easing pressure on public health systems.

8

Invest in National Democracy Education to Address Democratic Ignorance

We call for renewed investment in democracy education and the establishment of a Nordic committee to assess gaps, share best practices and develop modern learning tools. Across the Nordics, rising misinformation, polarization and eroding trust make engagement harder, yet schools rarely confront these issues directly. By strengthening democracy education and learning across borders, we can give young people the knowledge and confidence to shape and defend democracy.

Create Sustainable and Connected Futures

We want a future where sustainability and belonging go hand in hand. Our goal is to build Nordic societies that care for both people and planet, where everyone can move freely and nature is protected, accessible and part of everyday life.

9

Make Public Transportation More Affordable for Young People

Let's make public transportation more affordable for people aged 0-29 across the Nordics. For many young people, expensive public transport limits freedom and creates invisible barriers to studying, working and social life - especially in rural areas where opportunities already feel out of reach. Affordable transport can reduce inequality between regions and makes participation possible for everyone, not just those who can afford it.

10

Strengthen Protection of, Access to, and Education on Nature

We propose to strengthen the protection of natural areas, ensure better access to nature for all, and integrate environmental education that takes learning outdoors. Across the Nordics, the bond between people and nature is fading, yet our well-being and the planet's future depend on it. By protecting natural spaces and making them part of everyday life, we help young people build care and understanding through experience, not just theory.

This is Our Invitation

Young people are already shaping the future - in classrooms, local initiatives, councils and social movements. It is time decision makers recognized us as co-creators of the societies we will one day lead. The ten proposals of this Future Manifesto are our blueprint for action, and our invitation to collaborate.

We call on leaders to open doors, share power, and invest in youth participation.

We call on institutions to renew trust through dialogue, not distance.

And we call on everyone, from all sectors and levels of society, to build the Nordic future *with* youth, not *for* youth.

NO